

Lög

um

breytingar á siglingalögum frá 30. nóv. 1914.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. í siglingalögum, nr. 56 frá 30. nóv. 1914, orðist þannig:

Þau skip mega hafa íslenskan fána, sem fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir:

1. Ef einstakur maður á skip, þá skal hann hafa íslenskt ríkisfang og hafa verið heimilisfastur á Íslandi að minsta kosti 1 ár, eða hafa haft heimilisfestu samfleytt hjer á landi 5 síðustu árin.
2. Ef skip er eign fjelags, þar sem hver fjelagi ber fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu $\frac{2}{3}$ þeirra fjelaga fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
3. Ef skip er eign fjelags, þar sem sumir fjelagar bera fulla ábyrgð á skuldum fjelagsins, þá skulu þeir fullnægja skilyrðum 2. tölul., en þar að auki skal heimili fjelagsins og varnarþing vera hjer á landi og stjórnendur þess eiga hver hlut í fjelaginu og fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu.
4. Ef skip er eign fjelags með takmarkaðri ábyrgð, eða stofnunar, þá skal heimili fjelagsins, eða stofnunarinnar, og varnarþing vera á Íslandi, og stjórnendur skulu enn fremur fullnægja skilyrðum 1. tölul. um ríkisfang og búsetu, og ef fjelag er, þá skulu þeir að auki hver eiga hlut í fjelaginu.

2. gr.

11. gr. í sömu lögum orðist þannig:

Nú missir skip rjett til að sigla undir íslenskum fána, eða er af öðrum ástæðum strikað út úr skránum yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesin eignarhöft samkvæmt 5. og 6. gr. Þó fellur í gjalddaga skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er strikað út úr skránni yfir íslensk skip.

Nr. 69
28. nóv.

3. gr.

Fyrir »danskt flagg« í sömu lögum kemur alstaðar: íslenskur fáni, og fyrir »danskur konsúll« kemur: íslenskur ræðismaður eða sá, sem fer með slíkt vald fyrir Íslands hönd.

4. gr.

Þau skip, sem löglega hafa verið tekin upp á skipaskrá yfir íslensk skip fyrir 1. des. 1918, skulu ekki strikuð út úr skránni, þó að skilyrðum um búsetu eigenda eða stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga, er skip eiga, og ákvæðunum um heimilisfang fjelags samkvæmt 1. gr laga þessara sje ekki fullnægt, og skulu skip þessi hafa rjett til að nota íslenskan fána.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða

Gefið á Amalíbúrg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 70
28. nóv.

Lög

um

skrásetning skipa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til þess að skip geti orðið skrásett á Íslandi og öðlast rjett til að hafa íslenskan fána, verða þau að fullnægja þeim skilyrðum, er hjer segir: